

21. ISBN 978-9935-409-20-1

Skaði Njörður Baldur og ævintýrin

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norraen menning

+354 694 1264; +354 552 8080

Goðrún Dimmblá setur hér spássiukrot:

*Í Reykjavík var mikið af baldursbrá í gamla daga.
Notuð var hún sem spájurt, sagði amma mín, þannig, að gott væri
síldarár, mikið síldveiði, það árið sem mikið væri um baldursbrá.
Baldursbráin heitir á ensku day's eye, dags auga, sem úr verður
daisy.*

*Hún vex í sendnum og malarbornum jarðvegi við sjóinn.
Ég sá erlenda ferðamenn taka nærmyndir af villtum blómum á
Sæbrautinni. Smá og harðger fjörublóm voru þar í þúsundatalí.
Lág og jarðlæg, með fögur lítíl blóm, sem sáust vart nema maður
krypi á kné.*

*Þau nota oft litla steina sér til skjóls, en teygja smáar krónur sínar
til birtunnar.*

*Tígulegur njólinn, harðger og seigur, sást vel.
Baldursbráin teygði sig upp í sólina. Heilu breiðurnar opnuðu
krónur í átt til sólar, í austur að morgni, í suður yfir daginn, í
vestur þegar degi tók að halla. Þessar jurtir eru einsog Íslendingar:
beina augum til sólar, og láta salt særoki ekki hafa áhrif á sig.
Margar fjörujurtir, auk þangs og þara, voru manneldi gott í
gegnum aldirnar.*

*Náttúruleg aldagömul aðlögun og fegurð
varð firring og ófrumleg flatneskja:*

*Því svo var ráðinn arkitekt, erlendis lærður, og allar villtu
íslensku jurtirnar voru upprættar.
Teikniborðsútfærsla og sérmenntun, en algjörlega ófrjótt og
ófrumlegt.*

*Sett var mold í vörubílahlössum og kostaði mikið, og erlent gras
með miklum tilkostnaði, gerðir grasfletir sem þarf að slá með
tilkostnaði, og er ekki heyjað í fóður heldur er þetta þjattsláttur
og gras ekki verkað.*


*Reykjvískir unglingar eru á hallæriskaupi við að uppræta þær fáu
baldursbrár sem lifðu af útrýmingarherferðina og fjöldamorðin á
harðgeru villtu fjörublómunum okkar. Þessi börn hugsa ekki, aðeins
fá nokkrar krónur fyrir að slíta baldursbrár upp með rótum og
fleygja þeim í svarta stóra plastpoka, meðan þau halda uppi
lítillfjörlegum samræðum um jafnaldra sína sem ekki heyra til
þeirra.*

*Hefði ekki verið þjóðlegt og smekklegt að láta allar íslensku
jurtirnar halda sér,
setja upp spjöld með myndum af þeim og nöfnum þeirra við Sólfar
svona einsog myndir af fulgum eru við tjörnina í Reykjavík
því þeir eru aðdáunarefni og þeir eru ekki drepnir heldur fólk
frætt um þá,
og við eigum þang og þara af ýmsum tegundum sem vex við
strendurnar og bera falleg nöfn.
Fjörublómin villtu við strendurnar okkar eru litskrúðug og
ægifögur.*

Hvers vegna kunnum við ekki að meta fegurð þeirra og aðlögun þeirra að særokinu?



Skaði Njörður Baldur



Skaði vill toga okkur upp til hæstu hæða vitundar, hún er öndurdís, enda ætlar hún sér Baldur sólguð. En uppruni okkar er í hafinu hjá Nirði.

bhaala (kk) भाल बál, bhaalú (kk) भालु sólin, bhaala भाल (m.a.) glæsileiki

bhalaaya भलाय (kk; þgf af bhala) er ávarp til sólarinnar

-Baldur, hví ferð þú til Heljar?

-Ferli, mín kæra.



Björn Jónsson Stjarnvísi í Eddum: dauði Baldurs

Dauðinn er ekki til.
Það veiztu nú.



Hringhorni

bálfararskip (þjónustumerki)

जरामरणनिर्मुक्ताः सर्व धर्माः स्वभावतः।

जरामरणमिच्छन्तश्च्यवन्ते तन्मनीषया ॥ १० ॥

allar sálir eru af náttúru sinni ódauðlegar og hrörna ekki,
en
menn villast frá þeirri náttúru sinni með því að ímynda sér elli og dauða
og vera uppteknir af þeirri hugmynd.

Dagur og nótt og aftur dagur, alltaf kemur sama sólin upp
vetur og sumar og aftur vetur og aftur sumar,
enginn dauði.
Það hafa norrænir menn ætíð vitað.



Öll sólguð stíga niður til Heljar og rísa upp á himin á ný á 3ja degi.
3 sólarhringar um jól. Vetrarsólhvörfin okkar. Sólstöðurnar okkar.
Baldur rís upp frá dauðum á 3ja degi
og eflaust er einnig á sumarsólstöðum 3ja daga liggjandi.
Við ættum að spyrja Jörð móður að því,

en liggjandinn er eitt orð yfir að hættir að flæða að og byrjar að fjara út,
eða öfugt.

Ár hvert,
dag hvern

og í aldanna rás er sat-yúga og kali-yúga, bjartar og myrkar aldir.
En ferlin eru veraldleg og eiga sér aldur.

Eilífðin, ginnungagap sjálft, er kyrrð. Verður æ til og hefur ætíð verið til.
Mennirnir eru ginnungagap.

Þeir lifa í þessum endalausum ferlum í veröld. Stórum sem smáum.



eyktir þekkjum við,
melting og svefn /úrvinnslan (39.),
gandharva, hljóð náttúrunnar (35.) spiluð og sungin, Gungnir, fyrir hvert
tímabil sólarhringsins,
dagur nótt,
árið.

Höður, mistilteinninn, dauði Baldurs.
Baldurs dauði er svo fæðing ljöss heimsins.
Váli valur morguns er að vori, Víðarr kvöldsins á haustjafndægum.
sat-yúga, kalí-yúga, -- allar fjórar yúgurnar til samans eru mahayúga,
líf dauði (Helía, 13.),

Höður er nóttin, Höður er einnig dá ध्यान dhyana dvínun

brahmanírvaana ब्रह्मनिर्वाण einstaklingsvitund slokknar í ginnungagap.

-Ertu sólguð, bjarti Baldur?

-Mörg eru nöfn sólguða, litla netta kjaftfora völvu mín.
Gyðjan Sól er ein þótt hún beri mörg nöfn.
Jesú er sólguð, og við bættum honum í fjölgyðji okkar fyrir nokkru,
ásamt guði sem heitir einfaldlega Guð. Ekki skiptir svo miklu máli hvað
við nefnum guðin meðan við vitum af eindinni miklu sem allt er úr
komið.

ekam sad vipra bahudha vadanti एकं सद्विप्र बहुद वदन्ति

mörg nöfn nota hinir vitru yfir sannleikann eina.

Allir menn þekkja undirstöðu alls úr sinni eigin menningu, -- ja, ekki kannski allir menn, heldur, alls staðar á jörðu er hægt að finna þennan sannleika í menningu mannanna.

Iðavellir, samsvið allra náttúrulögmála (Unified Field of Total Natural Law), tao, ginnungagap -- finnst alls staðar um víða veröld þótt ekki skilji allir menn að þeir eru það.

Sólguðin hafa verið dýrðkuð frá örófi alda og svo verður meðan heimur stendur.

Þau tákna lítil ferli og stór ferli
sólarhring
árshring
aldirnar bjartar og myrkar
og hníga við ragnarök hvers heims.

Við verðum aðeins að gæta okkar á bókstafstrú
-- en við erum jü alin upp í römmustu bókstafstrú svo við erum svolítið heilapveginn og þröngsýn þegar að táknmáli kemur.

Það bjargar okkur að menningararfurinn hefur alla tíð lifað með þjóðinni. Íslendingar bættu við fjölgyðjið sitt, og létu það duga. Það var til að halda friðinn og bjarga mannslífum.

-Mamma mín sagði: -dagurinn er svo ungur að enginn er farinn að segja neitt ljótt. Er morgunninn nær tími sólarhringsins.

-Já. Allt er nýtt þegar náttúran vaknar að morgni, og einnig þegar hún vaknar að vori.

Kannski er Váli barnið sem haukfránum forvitnum augum lítur jörð, Víðarr hinn djúpvitri öldungur sem leiðir til skilnings víkkunar vitundar í Glaðheima föður.

Nú er skilningurinn að vakna á ný - amk viljinn til að skilja

Nú er döggun uppljómunar meðal manna á jörð.
 Baldurs draumar (tónverk; raddir, flautur, tromma; dans;
 smásýni hér af tónum fyrir raddir; dansinn er undurfagur í gullnum litum)

Alto

Tenor

6

11

16

This block contains the musical score for the Alto and Tenor voices. It consists of four systems of staves. The first system shows measures 1-5 for both parts. The second system shows measures 6-10. The third system shows measures 11-15. The fourth system shows measures 16-20, ending with a double bar line. The Alto part is written in a soprano clef and the Tenor part in an alto clef. The key signature has one flat (B-flat) and the time signature is 4/4.

(Goprun dimmblá
 Baldurs draumar, dans- og tónverk handa krökkum)

dimmblá

6

12

18

24

30

36

42

48

hér má sjá gíamíðkaflann aftur — o.s.frv.

This block contains the musical score for the piano accompaniment. It consists of five systems of staves. The first system shows measures 1-5. The second system shows measures 6-10. The third system shows measures 11-15. The fourth system shows measures 16-20. The fifth system shows measures 21-25. The sixth system shows measures 26-30. The seventh system shows measures 31-35. The eighth system shows measures 36-40. The ninth system shows measures 41-45. The tenth system shows measures 46-50, ending with a double bar line. The piano part is written in a grand staff (treble and bass clefs). The key signature has one flat (B-flat) and the time signature is 4/4. The text 'dimmblá' is written above the first system. The text 'hér má sjá gíamíðkaflann aftur — o.s.frv.' is written below the tenth system.

-Skaði mín, hvernig stóð á þessum fótamisskilningi.

-Góð spurning, og mörg eru svörin.

Sum djúp, önnur fyndin, enn önnur útskýranleg á einfaldan hátt.
Sjá og myndir í Stjarnvísí í Eddum.



Skaði öndurdís skír brúður



Einsog þú heyrðir á tali Sólar og Nönnu (17.), er það nú svo að

Súúrya सूर्य er karlkyns, og súúra eða súra (af svar) verður Þór hjá okkur.

Hjá okkur er Sól gyðja.

Til eru Baldur og Nanna, og einnig Sól og Máni. (17.)

Le soleil a rendez-vous avec la lune,
la lune est là, mais le soleil, il n'est pas là.....
manstu?

Njörður í Nóatúnum er etv. upphaflega gyðjan Nerþus
og þau (þ.e. hann og hún) sula mikið í Ægi.



Þetta er auðvitað svolítið fyndið, en fagurlimaður er Njörður,
þótt fátt sé ljótt á Baldri.

Freyr og Freyja eru etv eitt og hið sama guðið, gyðjan eigi sér karlkyns
tvífara.

Stundum er sagt að eingyðjistrúarmenn, með karlkyns eintölu Guð,
hefðu ekki getað tekið í mál að rífast um gyðjur, svo sem Freyju og
Nerþusi. Þaðan af síður að rífast við gyðjur.

Það þurfti að þegja svona kvenkynskrafta-rugl í hel.

Í fyrsta lagi eru gyðjur bara alls ekki til í eingyðjismanna huga, og einnig: að rífast um kvenkyns vættir, og við kvenkyns guð, var bara ekki inni í myndinni hjá karlrembum og kvenfyrirlitningarsinum!

Þar með hafi Freyr og Njörður verið gildir og góðir sem rifrildi, og nöfn þeirra því verið til áfram í málinu.

En þetta er kannski bara allt saman bull og vitleysa.

-Skaði vill Baldur, en lendir á Nirði.

*Og þar fór nú heldur í verra, ekki satt, Skaði, skír brúður goða?
Hví?*

-Skaði er þursamær, einsog þú veizt, litla völva mín.

Ég tákna viljann til framþróunar, litla spurula kjaftfora völva.
Ég gerði mér ekki grein fyrir að ég er bundin jarðlífinu ennþá.

Sjá skræður 8., 11. og 32. um þursameyjar sem taka við af feðrum sínum. Við erum Gerður, Gunnlöð og Skaði.



Baldur í Breiðabliki (vog 7.merki), túúla
Njörður í Nóatúnum (vatnsberi 11.merki), kumbha
Skaði í Þrymheimum (meyja 6.merki) kanya
-- sjá Einars Pálssonar Grímnismál

Mikil er von mín um hæstu tinda vitundar og Baldur sólguð.

Ég er öndurdís, rétt einsog Ullur (4.) er öndurás, अध्वन् adhvan (29.).

Við skíðum til hæstu tinda mannlífs, andlegs lífs, þróunar, hratt í þróunarátt.

Einsog grísku guðin búa á Ólympos, tákna snævi þakin fjöll okkar hið æðsta í mannlífi og guðlegu lífi.

Ullur og Skaði skilja hvað er hið æðsta, læra, hafa tæra skarpskyggni sem er æðsti hæfileiki hugans, mannshugans.

adhvan अध्वन्

-- Athugið (29.) að orðið öndurr af sanskrít adhvan finnst ekki í öðrum evrópskum málum.

Skaði vill til hæstu hæða, snævipakinna helgra fjalla,
þaðan nýtur maður upprásar sólar alla morgna,
og þróast til æðri vitundarstiga.

Skaði stendur fyrir þann vilja sem stefnir á uppljómun.
Sækja til hæstu hæða, á fjallatoppa mannlegrar tilveru,
að elska Baldur og vilja með honum alla ævi búa,
að mægjast Baldri, táknar að finna innri birtu uppljómunar.


En þótt gatan, vegurinn, adhavan, öndur, sé greiðfær
og eigi torsótt þótt á brattann sé að sækja,
erum við að dröslast með fortið sem þarf að afgreiða:



uppruna okkar, sem er Njörður í Nóatúnum.

a-shatrú अशत्रु er að eiga engan óvin, enginn óvinur mun fæðast,
engan andstæðing eða andskota á sá sem tærasta mannlífi lifir.

Þannig er einherjum farið. Andskotalausir með öllu.
Mikið tilhlökkunarefni að verða einherji.



नृ nri



mannsfóstur sýnir ferli, þroskaferli, etv. í milljónir ára



Uppruni okkar er í hafinu okkar

Ullarhylli, shikshaa opna upp, þroskaferli úr hafinu í tæra þekkinguna.

Hátíðisdagur Skanda Shashti, Karttikeya, færir mönnum styrk, kraft, dugnað og meira og meira sjálfstraust.

Á þessum degi Skanda í vísindum vedanna, og síðar svo í sið Hindúa, er vakandi náttúrulögmál sem bendir á hvernig æðstu stjórnendur í heimi virka, virka, já, því þeir finna leið til að stjórna, komast hjá öllum töfum og veseni á leið á þróunarbrautu, og á þessum degi Skanda, Karttikeya, verður jafnvægi í virkni lögmála náttúrunnar.

Maharishi yagdñja gerð á þessum degi af brahminum, púnditum, veitir styrk til að komast yfir allt sem á móti blæs, sigrast á hvaða vanda sem vera kann, og verða sigursæll.

Á hverjum einasti degi, skaltu vita, litla ljúf, er vakandi sérstakt lögmál náttúrunnar.



Einnig spila inní eiginleikar mánaðanna, raashi, reikistjörnurnar í merki/húsi.

Þetta er allt allt annað en Rómardagatalið sem er upprunalega aðeins stjórnþæki, og mánaðaheitin eru m.a. keisaranöfn.

Vidjaya dashami, sigurdagurinn, hinn tíundi dagur eftir 9 nætur, (20.)

(sjá og 20., síðari hluta um gyðjur vedavísindanna, og margt enn finnanlegt í sið Hindúa)

hátiðisdaga gyðjunnar, guðlegu móðurinnar (20.), er, skal ég þér segja, til þess að veita sigur og velgengni í öllum verkefnum.

dashamí hinn tíundi, vídjaya sigur yfirburðir विजय दशमि

Stærsta verkefni mannanna er þróun til fullkomnunar.

Eftir átta daga prakríti (sjá 20.), og níunda daginn, sem táknar eindina sem náttúran er úr, þessar níu nætur gyðjunnar miklu, rennur upp vídjaya dashamí, sá hinn tíundi, sigurdagurinn.

Hann táknar meira en eind og náttúra til samans.

Hann táknar heildina sem Brahman stendur fyrir sem fyllilega uppljómaða vitund.

Þetta vitundarstig geta allir menn lifað, litla ljúf.

Sigurdagur er þetta svo sannarlega.

Menn geta náð vitundarstigi í eind.

Það er toppurinn á tilverunni.



Eftir þessu sækist Skaði brunandi á fjöll vitundar á skíðum, hin duglega, framtakssama, ákveðna, sem unir ekki við veiðibjölluhlátur og öldurót (fortíð og uppruna) lengur en í hæsta lagi 9 nætur í senn.

Var þetta ekki skemmtilegt?

-Jú, svo sannarlega, Skaði, skír brúður goða, skýrt og klárt einsog þín var von og vísa!

-Hver ertu, Njörður, manna þengill, vamma vanr?

-Ég er Njörður uppruni í hafinu,

Njörður er Vanaættar

er vamma vanur,
án nokkurs vansa,
enda alltaf að baða mig í Ægi (2.), vígður í hinu dýpsta,

fæðist uppúr djúpinu og færi blessun og byr.
Er í merkinu vatnsberi, kúmbha.


Faðir Freyju og Freys.

Njörður er Vanur og vamma vanur (/án),
er faðir Vanadísar, Freyju (froðu) sköpunargyðjunnar okkar.

Tímarúmsfroðan er vellandi sköpun, er handan tíma og rúms.




Manntré finnst í fjörunni, frá Nirði komin.



tún er ðuvæmis kraftur, orka, úr samsviðinu;
Nóatún. (5., tívatún).



þroski frá seiði til sólar, mannsfóstursþróun einnig



þroskabrautin okkar, þróunarbrautin, frá Nirði í Valhöll.

Allir menn sjá sólina og dýrðka sem lífgjafa.
Allir menn þrá gyðjuna Sölu í sér.

En lífið á jörðu í jarðneskum hami á það til að glepja og draga athyglina frá hinu æðsta markmiði.

Fortíðin getur bundið menn við jarðlífið.



Lífið er þróun, og andstæður togast á í manninum

Njörður manna þengill.

Allt minni um jarðarlífa þróunarferlið hefur Njörður.
Það togar í okkur til uppruna hinnar sköpuðu manneskju.
Það er nokkur milljón æviskeið. (33.)

Síðhöttur (29.) सिद्धर्थ siddhartha, siddh fullkomnun, artha markmið,
er sá sem setur mark sitt á fullkomnun.

Þannig er Skaða innsta þrá.
En hún er bundin mér, Nirði, uppruna mannanna,
svo við gerðum samning sem allir verða við að una.

Mímir (13.) í okkur er minni um að við erum guðlegar verur,
og ekkert fær stöðvað okkur í leit að sælu Sólar, hamingju sælunnar.
Allt minni um andans þróunarferli hefur Mímir.

Við ræðum við Míms höfuð til þess að minna okkur á tilgang jarðlífs.
(í 13. er Mímir).

Best er að gera það oft og títt til þess að alltaf sé í fersku minni til hvers
við erum að fæðast og ganga um á jörðu, ævi eftir ævi í ýmissa kvikinda
líki.

*-Þór er sonur Jarðar og Óðins, Jesú sonur stúlku og guðs sem heitir
einfaldlega Guð. Reynt var að setja Jesú í stað Óðins (skv. bókinni The
Saxon Savior) sem aðalguð, og gera hrafnana að hvíttri dúfu.*

Hvernig stendur á öllu þessu guðarugli?

*Eða betur orðað: þetta skarast svo allt saman að maður hendir ekki reiður
á neinu ákveðnu verksviði neins.*

-Eindin, ginnungagap, er ætíð eind.
Öll guðin vísa í eindina miklu.

Ekki má villast í fjölgyðji svo að maður missi sjónar á að allt er ginnungagap.

Til eru svokölluð boðorð sem bárust úr eyðimörk Norður-Afríku komin til Evrópu, og í hinu fyrsta þeirra segir skýrt frá því að til eru mörg guð, enda var fjölgyðji lenzka þarna í Afríku þá.

Guðin eru mörg og bæði guðir og gyðjur, en brenglun varð við að banna sumum mönnum allt annað en eitt ákveðið guð, og þá í karlkyni eintölu, eða ákveðin guð í fleirtölu, og eigi máttu þeir aðra guði hafa því þá yrðu þeir settir útaf sakramenti sem er víst eitthvað heldur verra, skilst mér. Einhvers konar útskúfun úr samfélagi.

En líklega bættu Íslendingar Jesú og Guði þessum í hóp guðanna sinna, og einnig var kallaður til sögu djöfsi, satan, sem var eitthvað heldur verra, áður óþekkt fyrirbæri hér norðurfrá. Hann var bara settur í hópinn líka, og frekar gert grín að honum.

Að vísu var hlýtt í kotinu hjá honum, sem gerði hann nokkuð flottan í hugum sumra, og menn gátu tekið með sér allan eldsmat yfirum, en ekki önnur veraldleg verðmæti. Nei, ég er að ruglast, það mátti ekki taka neitt timbur með sér, enda var þetta tímabil lélegra húsakynna þorra Íslendinga, úr grjóti og röku torfi, sem brennur seint og illa. Fáu spýturnar sem voru, ýmist fúnar eða reyktar. Nei, það var allt skilið eftir handa afkomendunum.

En á veraldlegu báli brenndu ofstækismenn alls konar rúnaristur, fjalir og bækur.

Hörgar mínir eru margir. Kallað að dýrðka hjáguði. Ég er verndari góður. Hörgur á hæð, og var slíkt einning meðal Grikkja, αρχε, og Gyðinga (ariel), hæð guðanna, helgistaður.

argha arch arghya khardñj अर्घ अर्च अर्घ्य खर्दज्ञ

खर्ज khardja (hörgur?) tala virðulega til

hof शुभा शुभ सवन हव

shubhaa (guðasamkoma) shúbh (fagurt) saavana (fórn) hava (hofsíðir, huflegheit, kurteisi, virðulegir síðir viðhafðir í hirð (cour)).

Vona ég nú, litla sæta völvu,
að þú skiljir okkar þriggja samband betur.

Skaði vill æðstu andleg verðmæti,
hún er viljasterk og ákveðin þursamær, sem tekur við af föður sínum, og
stendur þar með fyrir framþróun.
Ég elska hana mikið og heitt, og virði allt sem hún gerir.

Allir menn ættu að taka skíra brúður goða sér til fyrirmyndar.



Porsameyjar III eru
Gerður Gymisdóttir, Skaði Þjazadóttir, Gunnlööð Suttungsdóttir. (32.)

*-Þakka þér fyrir, Njörður þengill mannanna.
Vist hefi ég öðlast skilning.*

-Segðu mér, enn, Skaði, eitthvað skemmtilegt!

-Ég hefi gaman af því, góða mín.

Ævintýrin.

Ég ætla ekki að segja þér ævintýri,
heldur hvað ævintýrin segja okkur.
Við gefum goðsögnunum lítinn ástarkoss og við vöknum.

Öskubuska, Þyrnirós, Mjallhvít, úlfurinn og Rauðhetta, eru goðsagnir í
skemmtilegum búningi -- við bara skiljum þær ekki alveg!

Sjáðu Mjallhvíti, og sjáðu Öskubusku.
Og Þyrnirós.

Hugsaðu um barnasögunnar sem fornar heiðnar goðsagnir sem flytja
okkur skilning um hinn æðsta tilgang lífsins, litla völvu.

Við erum að tala um söguhetjur sem í upphafi sögunnar lifðu eingöngu í
vitundarstigunum þrem, vöku, draumsvefni og djúpsvefni,

en komust á fjórða og fimmta vitundarstig, í Valhöll í sögulok.

Valhöll er ævintýrahöllin alla sagna.

Hetjurnar okkar skildu í lokin, að lífið er meira en Þjóðvitnir (4.) og



Gunnarnir (3.),

og þá varð gnæð og gnótt í lífinu þeirra, alveg fyrirhafnarlaust.



Þjóðvitnir ??

Ég er hér,
alltaf tilbúinn!

-Var einhver að kalla á mig?



Hvað má bjóða ykkur, fögru frúr!

-Þökk, Þjóðvitnir minn, en okkur vantar ekkert glingur núna.



-Æ, æ, æ, eruð þið nú á kafi í eilífðarmálunum eina ferðina enn!!

Er ekki nóg að festa á blað eina skræðu, t.d. skræðu nr. **4**?

Þetta er sama tuggan upp aftur og aftur.

Ömurlega leiðigjarnt.

Það er búið að segja allt þetta mörgum sinnum, ljúfa Skaði.

Á ég ekki bara að taka við?



Hver heldurðu að trúir því að maður finni meiri gleði við að loka augunum en að sjá allt dótarið mitt opnum augum og opnum huga.

Ég spyr bara: Glæðheimar Óðins, glæð-hvað?? bara jóla-hvað?? Jólnis-hvað??

-Þú ert skemmtilegur, Þjóðvitnir, því verður ekki neitað.
En ekki er allt gull sem glóir,

og lífið er meira en það sem skilningarvitin finna handa heilanum!

Hodd goða er það andlega gull sem við finnum þegar við hættum að láta glepjast af Gymisgullinu.

hodd hödd kósha haathaka skínandi gull og gersemar, andleg verðmæti

कोश हाठाक हट्




Gerður í Gymisgöörðum (8.)

Sjáðu bara hvað Skaði Þjazadóttir, Gerður Gymisdóttir (8.),
Gunnlöð Suttungsdóttir (23., 15.) tákna í sögunum okkar.

Við gefum hetjunum okkar lítinn ástarkoss og við vöknun.



-Þið ætlið þó ekki að fara að kyssa Gera og Feka??!!
oj barasta!
þeir slefa!



-Þjóðvitnir!
Nei, ekki í bókstaflegri merkingu.


Allegoria allos goria launsögn, falin saga inni í sögunni.

Einar Pálsson fann launsagnir í Íslendingasögunum,
-- ég man ekki betur en prófessorarnir í HÍ hafi ekki viljað viðurkenna að leikari í Vesturbænum sæi flöt á bókmenntum þessum marg-
rannsökuðum á ríkiskaupi, flöt sem þeir ekki komu auga á en fengu laun fyrir að reyna að finna.



Rauðhetta og 3 rætur asks
Úlfurinn í skóginum og Rauðhetta litla.

Allar úlfasögurnar enda á því að söguhetjan okkar sprettur sprelllifandi útúr maga úlfsins sem gleypiti hana í einum bita án þess að tyggja.



Gerir Freki (22. skræða).



rennilás.

Dauðinn er ekki til - aðeins ferli, og eilífðin

Kjöt gefur Óðinn greyjum sínum (22.), en við vín eitt æ unir (14.).
Hunangsmjöld og flæði lífs.



Gæti Mósesarsagan ekki átt við hvern einasta mann
en ekki alvöru sand og land og 40 ár?

Losna úr helsi,
ráfa í eyðimörk,
leita fyrirheitins lands?

Eru ekki allir í raun að gera svona lífsferðalag? Manú og Móses og við.

Sígildar sögur og ævintýri eru alltaf að segja okkur eitthvað.
Sumir skilja, sumir misskilja, en allir hafa gaman af.

Sum ævintýri lifa með kynslóðunum vegna þess að þau eru að segja okkur hinn djúpa sannleik.

Sumir halda því fram að aðeins sé til ein saga,
hún sé í raun sagan eina í öllum sögum,
því allar sögur séu um þetta eina sem máli skiptir

Skaði Baldur Njörður finnst í ótal mannanna sögum sem þessi vandræðalegi þríhyrningur í ástarsambandi.



Stundum sameinast guð og maður (8., Freyr Gerður)
stundum koma saman guð og persónugervingar afla í náttúru eða þátta í manninum, einsog Skaði sem vill til hæstu hæða þar sem Baldur dvelur.

Hermóður, her-móður eða herm-óður, er vitund sem sækir Baldur minn handa guðum í himingeimi og mönnum á jörð.

Dauðinn er ekki til
aðeins ferli sem hafa upphaf og endi,

en eilífðin hefur hvorki upphaf né endi.
Þá gæti hún heldur ekki borið þetta nafn, er það?

Svo er feluleikur lífsins.
Hefurðu tekið eftir hve krakkar hafa gaman af feluleikjum, fela hlut, fela sig, leita og finna.
Aðeins með því að leita finnur maður, og leitinn mikla er innbyggð í okkur.

Í guðspjallinu um dauða Baldurs er það mistilteinn sem verður Baldri að bana,
Höður þá blindni mannanna þegar þeir skilja ekki hvað er dýrmætast,
Loki táknar þá kjánaskap mannanna. -- Einhverja óskiljanlega eyðileggingarhvöt,
nú eða Loki táknar lok eins -- og að ljúka upp næsta,
því Baldur er ekki lengi hjá Helju okkar.

Sólguðið rís upp frá dauðum,
einsog öll önnur sólguð mannanna,
Hermóðs hestur treður helveg, og kemur til baka með soninn syrgða,

við látum menningararfinn okkar rísa upp frá dauðum eða dái eftir langan Þýrnirósarsvefn.

Á þessum ferðum okkar dynur allur heimur undan hófum hesta okkar, Sleipnis (15.), sem er taugakerfið tært þegar við transcenderum, sóumst, fórnumst, hnýsumst niður.

<http://www.bbc.co.uk/religion/galleries/christmas/>

Mistilteinn, viscum album, er oft jólaskraut, etv. vegna sígrænna laufanna.

Hann er talinn hafa verið notaður af heiðnum mönnum sem friðar tákn í þúsundir ára. Talið er að hann gefi frjósemi og kraft. Frið á heimilinu, frið milli manna, frið milli þjóða.

Líklega Freystákn hér komið.

Koss undir mistilteini talið giftingarsiður fornra heiðingja.



Mistilteinn lifir utaná öðrum jurtum, eiginlega ekki með eigin rætur, svokallaður parasitos, sem þýtt er sníkill (kannski ranglega þýtt svo) -- sem nærast á öðrum, og er ekki í symbíösu, samlifi, þar sem hann gerir plöntunni eitthvert gagn í staðinn,

en parasitos er raunar matvinnungur, ekki sníkill, parasitos sá sem þiggur mat og húsaskjól fyrir að skemmta hús-ráðendum, eða segja fréttir -- svona einsog förumenn í gamla daga sem voru lifandi fréttablöð. Ekki betlarar, heldur var förumennskan skemmtilegt starf.

Og sögur kunnur þeir, sögur sem lifðu mann fram af manni, sögur sem börnin drukku í sig opnum huga.

Mistilteinninn hefur stinn lauf, falleg hvít gljáandi ber sem eru víst eitruð mönnum, en fuglar eta þau og kúka svo fræjunum útum allar trissur. Misitilteinn er alltaf galdraplanta í fremstu röð.

Höður drepur Baldur þegar Loki fær honum mistiltein til að skjóta að honum.

Hermóður skreppur til Heljar til að endurheimta Baldur.
Þetta minnir á svo margt annað en vetrarsólvörf.
Þetta er kannski sagan eina.
Baldur sem allt (nærri því allt) lofar að gera ekki mein
Höður
Loki
hin rótlausa saklausa jurt og ung til að sverja
varnaðarorð
harmflaug
vá Valhallar
Hermóður



eiturlyf eyðileggja, gera myrkur.
Eyðileggja hið dýrmætasta mannlega.

Sú ósvinna að eyðileggja hið dýrmætasta mannlega, skilning og hæfileikann til að skilja allt.

Að eyðileggja heilann sinn og taugakerfið með eitri
getur einnig verið vá Valhallar og sorg Maríu,



pieta

eru þessi myrkur sem koma.
Fyrri harmur Friggjar er deyr Baldur
og ragnarök eru gyðjunni miklu erfiður tími er fellur Óðinn allsherjar.

Móðirin mikla elskar börn sín og vill að þau lifi og nái árangri á sinni þróunarbrautu.

- (1) Jesú sem átrúnaðargoð var alla tíð sólguð.
- (2) Jesú sem uppljómaður maður var aldrei kristinn. Hann var Gyðingur.
- (3) Rómarveldið notaði nafn hans til landvinninga.
- (4) Það sem sagt er að Jesú hafi sagt eru greinilega orð uppljómaðra manna, og skiljast nú af uppljómuðum mönnum, sem nú eru uppi, sem nú eru að fæðast.

Ullur, bál þekkingar, eyðir ósvinnu og myrkri. (4.)
Ullur og Skaði skilja, læra, þrá hið æðsta handa hverjum manni.
Þau eru tær skarpskyggni sem er æðsti hæfileiki mannshugans,
og skilja tilgang lífsins, fullkomnun.

Þeyssa um hnúka á mjallhvítum snjónum.

a-shatrú अशत्रु er, óvinalaus, að eignast engan óvin

hata shatru shatrava शत्रु शत्रव

sjadha षय vera vinur, hath हठ ráðast á með ofbeldi

Ullarhylli er til að opna upp vitund,
Skaði þursamær vill til hæstu hæða þar sem birtan og uppljómun ræður ríkjum.

Æðra vitundarstig næst með reglulegri iðkun TM samsviðstækninnar.
Til er framhaldstækni, til er TM-sidhi, og yogaflug, en þá lyftist líkaminn við hugsun eða boð sem koma úr sviði innan mannlegrar hugsunar, samsviði allra náttúrulögmála, sviði sem er margmilljónmilljón sinnum kraftmeira en mestu kraftar sem við þekkjum í veröld


sjáið enn samsviðskortið (© GlobalCountry; á næstu síðu),

krafta í veröld t.v.


hægra megin: mannshugann
sem nálgast Glæðheimi
og mætir í veizu til Ægis

en það er in göfugasta fórnin:

samsviðskort og mannshugur



© GlobalCountry




Brynhildur svefnþorni stungin.

Skilningarvitin á fullu, en engin framför á þróunarbrautunni.

Sá sem stunginn var svefnþorni eins og Þyrnirós kóngsdóttir og Brynhildur valkyrja sem gerðu á móti flæði Þundar, sem gerðu það sem var búið að segja að ekki ætti að gera, verða nú alvakandi og sjáandi (Sága, 18.), tærar (31.) og fullkomnar (siddhartha, Síðhöttur).

Kraftur tívatúns (5., 14.) verður það svið sem við vinnum útfrá þegar við uppljómunumst.

irminsul



Einn saklaus ástarkoss vekur okkur.

Okkar bíður Valhöll, höllin eina allra ævintýra. Þar er Baldur að finna.



Ævintýrin eru ekki fyrir löngu og langt í burtu,
ekki: einu sinni var,
heldur: „alltaf er“, hér og nú !!



Á hverju lífa sæskrímsli eiginlega -- ef þau eru þá nokkuð til í alvöru
ISBN 978-9935-409-20-1

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hverrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellumifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð
Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
